

Ægir Björn Ólafsson

Umsögn birt **21.05.2026**

Ég hér með mótmæli þessum skipulags breytingum.

Þegar við vorum að ákveða hvert við myndum flytja áður en við keyptum hérna í fyrra þá litum við ekki einungis á hvað hús við vildum, heldur einnig hvernig hverfi við vildum og hvernig það var sett upp.

Ef það á að fara reisa blokkir meðal annars í götunni fyrir ofan okkur sem mun skyggja á vetra sólina fyrir okkar hús og annara og með fleiri og minnir íbúðir með tilheyrandi meiri umferð fyrir götuna, þá eru forsendur fyrir áhuga okkar á þessu hverfi brostnar...

Þetta er fjölskyldu hverfi(þó engin leikvöllur sé í því) og ég hef áhyggjur að ef svona margar litlar og "ódýrar" íbúðir sem ekki eru hentugar fyrir fjölskyldum eru hent niður í mitt hverfi, þá hef ég áhyggjur að það muni draga niður hverfið með fall í verðgildi og eftirsókn.

Ef áhuginn er svona mikill við að reisa blokkir með minni íbúðum og ódýrari, hví þá ekki að breyta og bæta þeim inní plan 2 sem eiga að koma vestan megin við hverfið?

Ekki láta þetta verða Græna grímaldið Selfossar.

Kv. Ægir Björn í Engjavík 11.